



Til: ANR/Helgu Hauksdóttur

Frá: Gizuri Bergsteinsson lögmanni hjá Lagastod lögfræðiþjónustu ehf.

Dags: 8. maí 2019

Efni: Spurningar frá atvinnuveganefnd Alþingis vegna frumvarps til breytinga á lögum um innflutning búfjárafurða.

Undirritaður vísar til samtals við yður fyrr í dag í tilefni af frumvarpi því sem er nú til meðferðar í atvinnuveganefnd Alþingis, sbr. þingskjal 1217 (mál nr. 766) um breytingu á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum um matvæli og lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru (innflutningur búfjárafurða). Í tengslum við það er óskað svara við eftirfarandi spurningum:

1. Hvaða áhrif hefur það að fresta gildistöku frumvarpsins?
2. Ef það er hægt að fresta gildistöku frumvarpsins, hvað er talið að hægt væri að fresta henni lengi án þess að það hefði skaðleg áhrif á íslenska hagsmuni? Væri t.a.m. mögulegt að fresta gildistöku til 1. maí?

Niðurstöður mínar eru eftirfarandi:

- Frestun á gildistöku ofangreinds frumvarps myndi hafa margvísleg áhrif sem myndu meðal annars koma fram í viðbrögðum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) og hugsanlegum viðbrögðum ESB á vettvangi sameiginlegu EES-nefndarinnar. Þá myndi frestun einnig viðhalda skaðabótaskyldu íslenska ríkisins gagnvart íslenskum innflytjendum og gæti haft áhrif á útflutningshagsmuni Íslands.
- Í 2. kafla frumvarpsins um tilefni lagasetningar er þetta reifað með greinargóðum hætti.
- Hinn 13. febrúar 2019 gaf Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, út rökstutt álit vegna þess mats stofnunarinnar að með því að hafa ekki uppfyllt skyldu sína til að framfylgja dómi EFTA-dómstólsins í sameinuðum málum E-2/17 og E-3/17, eða kjötmálinu svokallaða hafi Ísland ekki staðið við skuldbindingar sínar skv. 33. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Dómur EFTA-dómstólsins var kveðinn upp 14. nóvember 2017.
- Mat ESA á því hvort Ísland hafi brugðist við rökstuddu áliti stofnunarinnar vegna dóms EFTA-dómstólsins með fullnægjandi hætti, mun lúta að því hvaða ráðstafanir íslensk stjórnvöld hafi gert á þeim tímapunkti þegar fresturinn, sem ESA gaf Íslandi til úrbóta, rann út, hinn 13. apríl sl. Ef staðan er sú á þeim tímapunkti, að enn hafi nauðsynlegar lagabreytingar ekki tekið gildi, þá telst Ísland brotlegt gagnvart EES-samningnum og samningnum um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

- Það verður að teljast ólíklegt að það skipti máli í því sambandi til hve langs tíma frestun á gildistöku frumvarpisins nær. Vert er að nefna hér að þegar Ísland skuldbatt sig árið 2007 til að innleiða matvælaöggjöf ESB þannig að sömu reglur giltu um matvælaöryggi hér á landi og á innri markaði EES-svæðisins, skuldbatt Ísland sig jafnframt til að afnema frystiskylduna. Kemur þetta fram í kafla 1.5. á þskj. 1217. Á þeim rúma áratug sem liðinn er, hefur Ísland ekki enn afnumið frystiskylduna.
- Verði frumvarp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ekki að lögum á 149. lög-gjafarþingi eða gildistöku laganna frestað má gera ráð fyrir að ESA muni án frekari fyrirvara stefna Íslandi fyrir EFTA-dómstólinn, enda væri það næsta skref í samningsbrotamálinu. Það mál mun lúta að því hvort Ísland hafi framfylgt dóminum í samærmi við skyldur sínar samkvæmt samningnum um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls eður ei. Ísland mun ekki hafa neinar málsvarnir í því máli.
- Líklegt er að dómur EFTA-dómstólsins yrði kveðinn upp fyrir lok þessa árs, Íslandi í óhag.
- Slíkur dómur EFTA-dómstólsins eykur mjög líkur á því að ESB myndi, í kjölfar dóms EFTA-dómstólsins, leggja málið fram í sameiginlegu EES-nefndinni á grundvelli 111. gr. EES-samningsins, sem ágreiningsmál milli aðila.
- Ekki er hægt að vænta þess að ESB myndi telja aðra niðurstöðu viðunandi vegna samráðs í sameiginlegu EES-nefndinni en þá að Ísland gerði viðeigandi breytingar á löggjöf sinni, til samræmis við dóm EFTA-dómstólsins.
- Tækist aðilum ekki að ná samkomulagi innan sex mánaða (þ.e. geri Ísland ekki viðeigandi breytingar á löggjöf sinni innan þess tíma) gæti ESB ákveðið að ákvæði 5. mgr. 102 gr. samningsins eigi við. Í þeirri grein er kveðið á um að gildi viðkomanda hluta af þeim viðauka, sem gerð fellur undir, sé frestað.
- Að loknu þessu sex mánaða tímabili, skal litið svo á að framkvæmd viðkomandi hluta viðaukans sé frestað til bráðabirgða, nema sameiginlega EES-nefndin ákveði annað. Gengur slík frestun í gildi sex mánuðum eftir fyrri sex mánaða frestinn.
- Kjötmálið varðar brot á ákvæðum tilskipunar 89/662/EBE, um dýraheilbrigðiseftirlit í viðskiptum innan bandalagsins til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á. Sú tilskipun hefur verið felld inn í fyrsta hluta viðauka I við EES-samninginn þar sem fjallað er um dýraheilbrigðisreglur.
- Verði fyrsta hluta viðauka I frestað, hefur það mikil og bein áhrif á útflutnings-hagsmuni Íslands. Útflutningur allra kjöt- og sjávarafurða frá Íslandi til ESB-ríkja yrði í uppnámi. Afurðir frá Íslandi myndu teljast afurðir frá þriðja ríki og væru ekki

lengur í frjálsum flæði innan EES. Innflutningur til ríkja ESB þyrfti þá að fara í gegnum landamærastöðvar, en margvísleg skilyrði eru sett fyrir því að unnt sé að flytja slíkar vörur inn á innri markaðinn (sbr. nánar umfjöllun í kafla 2.1.2. í frumvarpi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra). Afleiðingarnar yrðu afdrifaríkar hvað varðar útflutning ferskra sjávarafurða frá Íslandi til aðildarríkja ESB.

- Frestun á fyrsta hluta viðauka I myndi einnig beinast gegn öðrum EFTA-ríkjum innan EES. Fiskeldis- og sjávarafurðir frá Noregi myndu einnig teljast afurðir frá þriðja ríki og væru ekki lengur í frjálsum flæði innan EES. Innflutningur slíkra afurða til ríkja ESB þyrfti þá að fara í gegnum landamærastöðvar.
- Þann 11. október 2018 staðfesti Hæstaréttur dóm héraðsdóms Reykjavíkur um skaðabótaskyldu íslenska ríkisins vegna ófullnægjandi innleiðingar tilskipunar 89/662/EBE. Verði ekki brugðist við dóminum með afnámi frystiskyldu á ferskar kjötvörur frá ríkjum ESB, er skaðabótaskylda íslenska ríkisins áfram til staðar gagnvart hverjum þeim aðila sem reynir að flytja hingað til lands ferskar kjötvörur frá ríkjum ESB. Innflytjendur og aðrir sem vilja láta reyna á reglur um frystiskylduna geta því sótt skaðabætur til ríkisins að vild með því að flytja inn ófryst kjöt og láta reyna á það hvort innflutningurinn verði stöðvaður.